



Mynd / E.Ól.

Össur Skarphéðinsson í spjalli við Ómar Garðarsson um kynni sín af Eyjamönnum og stöðuna í stjórnámálum:

Menn geta auðvitað grenjað í sig alla bölsýni heimsins

- En staðan er einfaldlega þannig, að það er meiri hagvöxtur á Íslandi en næstum öllum löndum Evrópu.

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

Það eru fáir stjórnálmenn eftir sem geta haldið blaðlausar þrumuræður. Það var þess vegna unun að hlýða á utanríkisráðherra í sumar þegar hann steig í stólinn í Einarstofu og hélt kraftmikla ræðu um ferðir Vestmannaeyinga til Vesturheims, einkum Utah, á nitjándu öldinni. Ég sagði honum að ræðan hefði verið svo góð að ég myndi ihuga að kjósa Samfylkinguna ef þingkosningar yrðu fyrir kvöldmat, en líklega ekki eftir það.

Hann talaði af mikilli hlýju um fortíð Eyjanna en mörgum Eyjamönnum þætti ríkisstjórnin ekki koma fram við þá af sömu ástúð í nútímanum.

Þegar hann var spurður hvort hann væri til í að koma í hart viðtal um Eyjarnar, sjávarútveginn, Evrópumálin og landsmálin almennt, þá sagðist hann vera „til í allt nema sjálfsmorð og danska giftingu.“

Össur var fyrst spurður um kynni hans af Eyjamönnum.

Slegist við Eyjamenn

„Mér hefur alltaf þótt vænt um Eyjamenn. Ég kynntist þeim fyrst þegar ég var sendur á Hlíðardalsskóla í Ól-

”

Á honum lenti ég í mannaun, sautján ára, og Grétar Kristjánsson, landsfrægur skipstjóri síðan, var með Kofrann í þeim tús. Það var bróðir hans, Kristján, og náttúrulega fleiri, sem drógu mig upp úr Halanum í helvítis mikilli brælu um haustið. Ef Kristján hefði ekki haft svona langa og sterka handleggi er hugsanlegt að Íslendingar sætu uppi með annan utanríkisráðherra í dag. Já, ég meig töluvert í saltan sjó framan af ævi.

fusi. Hann var rekinn af adventistum, og þangað komu margir krakkar úr Eyjunum, bæði adventistar og aðrir. Þá var herbergisfélagi minn kvennaljóminn Axel Einarsson, löngu fluttur upp á land.

Það var eins og maður þyrfti að slást við Eyjamenn áður en þeim fór að þykja vænt um mann. Þegar ég var á sjónum og kom á vestfirsku togaranum Kofra til Eyja um 1970 var ég varla búinn að vera korter á kajanam þegar rauk á mig maður og sagði: „Enga helvítis aðkomustráka hér.“ Það var Bjössí í Klöpp. Svo slógumst við og urðum vinir upp frá því. Við hittumst af og til í landlegum víðsvegar og druknum stundum meira en malt og pilsner.

Þar sem Magnús var stærstur allra

Á Hlíðardalsskóla var Magnús Kristinsson stærstur allra þá, og tukt-aði okkur strákana til áður en honum fór að þykja vænt um okkur. Við fáa menn hef ég svo átt jafn góða vináttu og Atla Ásmundsson frá Gjábakka, aðalræðismaður okkar í Winnipeg, en við stóðum náttúrulega árum saman í skuggabardögum, hann fyrir Framsóknarflokkinn og ég fyrir jafnaðarmenn.

Síðustu handalögmálin sem hafa orðið á Alþingi voru svo í stiganum í gamla þinghúsinu sem frægt varð milli okkar Árna Johnsen, þangað til Jón Baldvin reif okkur í sundur. Ég vona ég eyðileggi ekki mannorð

Árna hér í Eyjum með því að upplýsa að við erum perluvínir í dag.“

Reri með aflamönnum

Svo þú ert þá einn fárra stjórnálmanna sem nú sitja á Alþingi sem hefur migið í saltan sjó?

„Ég kem úr stórrí fjölskyldu og það voru blankheit þannig að ég hafði í mig og á gegnum skóla með sjómennsku. Var á Guðbjörginni frá Ísafirði með bæði Ásgeiri Guðbjartssyni, og Bjarti syni hans. Högni, sem fórst svo í snjóflóðinu í Neskaupstað, var skipstjóri minn á Guðrúnu Guðleifs, og eitt sumar var ég með Magnúsi Þorvaldssyni á Heimi SU 100 á síldveiðum í Norðursjó. Jói

Sím, landsfrægur aflakóngur, líka af Ísafirði, var skipstjóri þegar ég var á Kofranum.

Á honum lenti ég í mannaun, sautján ára, og Grétar Kristjánsson, landsfrægur skipstjóri síðan, var með Kofrann í þeim tús. Það var bróðir hans, Kristján, og náttúrulega fleiri, sem drógu mig upp úr Halanum í helvítis mikilli brælu um haustið. Ef Kristján hefði ekki haft svona langa og sterka handleggi er hugsanlegt að Íslendingar sætu uppi með annan utanríkisráðherra í dag. Já, ég meig töluvert í saltan sjó framan af ævi.“

Harðir samningamenn úr Eyjum

Það hefur vakið athygli, að minnsta kosti hér í Eyjum, að þú hefur valið gamla Eyjamenn til forystu í mikilvægum málum, til dæmis þá Stefán Hauk Jóhannesson, sem er aðal-samningamaður við Evrópusambandið, og Martin Eyjólfsson, sem þú hefur líka gert að einum helsta samningamanni við erlendar þjóðir. Svo varstu með einn af okkar bestu sonum, Atla Ásmundsson, þegar þú komst í sumar. Þú sagðir sjálfur þegar þú komst í sumar að Eyjamenn væru bestu diplómatarirnir. Hvernig skýrirðu það?

„Eyjamenn eru fastir fyrir, en lagnir. Ég hef velt fyrir mér samfélaginu í Eyjum, og af hverju það framleiðir hörkudiplómata. Flokkspólitíkin hér

er oft geysilega hörð. Þar hafa líka fleiri sterkir trúarsöfnuðir fest rætur en annars staðar, og sett sterkt svipmót á samfélagið.

Í mörgum fjölskyldum hafa nánir ættingjar verið í ólíkum flokkum, jafnvel ólíkum söfnuðum, og við svona aðstæður þurfa menn kannski að vera diplómatar til að komast vel af við umhverfið.

Atli er náttúrulega einn af mínum allra bestu mönnum. Um þá frændur, Stefán og Martin, er það að segja, að þeir eru afburðasendiherrar. Stefán stígur aldrei fæti rangt fram, vinnur ósjálfrátt með framkomu sinni traust allra viðsemjenda, og smýgur í allar glufur í samningum. Svo lítur hann út einsog breskur lord og það er ekki verra. Martin er eins og í fótboltanum í gamla daga, þegar hann reddaði tvisvar Eyjamönnum á síðasta augnabliki. Bestur þegar útlit er svart.

Spurning um skilning í Brussel

Innganga í Evrópusambandið er eitt af stóru málum Samfylkingarinnar en ykkur hefur ekki enn tekist að fá meirihluta þjóðarinnar á ykkar band. Auk þess er ríkisstjórnin klofin í málinu og óvíst að samningur færi í gegnum Alþingi. Veikir það ekki stöðu okkar í samninguferlinu?

„Ef gangurinn í samningum til þessa, og árangur Stefáns Hauks og Martins í að ná skilningi í Brussel á sérstöðu Íslands er þökkalegur spegill, þá er ekki hægt að draga aðra ályktun en að staða Íslands við samningaborðið sé nokkuð sterk.“

Jú, það eru skiptar skoðanir um aðild, en hins vegar er ekki ágreiningur um leiðina. Ríkisstjórnin var og er, einhuga um að fara þá leið, sem Alþingi samþykkti. Hún felst í því að sækja um aðild, ná sem bestum samningum, og láta þjóðina ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún telur þá nógu góða til að Ísland gangi í sambandið. Menn úr öllum flokkum greiddu þessu atkvæði. Ég á erfitt með að skilja afstöðu þeirra sem vilja nú hætta í hálfleik, og draga umsóknina til baka. Þeir eru greinilega orðnir hræddir um að þjóðin segi já, þegar allir ávinningar aðildar eru komnir fram. Það skil ég vel, því þjóðin er skynsöm.“

Auðlindirnar tryggjar

Menn eru bara ekkert sammála um þessa ávinninga. Eru þeir fyrir hendi? Og hvað með gallana? Menn óttast að tapa orkulindunum. Hér í Vestmannaeyjum óttast menn að Spánverjar og Portúgalir heimti kvóta og komi hingað með sinn flota. Hafa Vestmannaeyingar einhvern ávinning af því að fara í Evrópusambandið?

„Þetta er einmitt málið. Við þurfum að ljúka samningunum til að sjá svart á hvítu hvaða ávinningar fylgja aðild, og hvaða gallar. Þess vegna er fráleitt að hætta við þá í miðju kafi. Nú er það svo að engar erlendar þjóðir munu geta gert kröfu til að fá kvóta við Ísland af því að þær uppfylla ekki kröfur sambandsins sjálfs um sögulega fiskveiðireynslu við Ísland. Það mun koma fram við samningaborðið. Þá geta allir sofið rólegir. Eyjamenn líka.“

Við þurfum hins vegar engum svefni að tapa yfir orkulindunum. Sáttmálar ESB kveða alveg skýrt um að fyrirkomulag á eignarhaldi á auðlindum sé algerlega á valdi aðildarríkanna þannig að forræði og eign Íslendinga á orkulindunum mun ekki breytast við aðild. Ekki frekar en olíulindir Breta í Norðursjó.

Hvað ávinning Vestmannaeyinga varðar, þá yrði hann, eins og Íslendinga allra, margvíslegur. Vestmannaeyjar eru ein af aflstöðvum atvinnulífsins. Það skiptir gríðarlegu máli fyrir fyrirtækin og fjölskyldurnar hér eins og annars staðar, að með upptöku evrunnar eykst stöðugleiki, sem atvinnulífið þarfnast svo sárlega.

Vextir munu lækka og því meir tel ég sem á aðild líður, verðbólga lækkar, verðlag lækkar, það verður hægt að afnema verðtrygginguna, og

þess utan sýnir skýrsla Seðlabankans frá síðustu viku svart á hvítu að aðild myndi varanlega auka landsframleiðslu umtalsvert, jafnvel upp í 160 milljarða á ári.

Gjaldeyrishöftin þjaka

Bankinn segir að hún myndi að auki spara okkur tugi milljarða á hverju

minn dagur í eldhúsinu.

Grímur kokkur er líklega dæmigerður fyrir þau sérstöku sóknarfæri sem geta fylgt aðild. Hún opnar nefnilega aðgang að risastöru markaðssvæði fyrir lítill fyrirtæki í fullvinnslu sem geta byggt sig upp á evrópska neytendamarkaðnum án nokkurra tollaþröskulda og gætu hæglega vaxið upp í að verða að

við landnám víkinga, eldgosin, þess vegna fuglalífið, og guð veit hvað.“

Enn fleiri tækifæri

Össur segir að Evrópusambandið feli í sér önnur tækifæri fyrir stórhuga fyrirtæki eins og í Vestmannaeyjum. „Íslendingar reka besta sjávarútveg í heimi, og hjá okkur eru Eyjamenn

humar, sem heilmikið er flutt út af frá Eyjum, og ber erfiða tolla, þó tekist hafi fyrir harðfyllgi vestmannaeyskra samningamanna í utanríkisráðuneytinu að semja um tiltekinn innflutning án tolla.“

Skuggahliðar kvótakerfisins

„Ég hef líka orðið hugsi yfir síðustu atburðum í Eyjum, þar sem blómlegt útgerðarfyrirtæki var selt úr bænum. Ég áfelligast engan fyrir það. Kerfið er svona, en þetta sýnir skuggahliðar þess einsog Flateyningar fundu fyrir nokkrum árum.“

Öðrum stórum eigendum í útgerð gæti einhvern tíma komið til hugar að selja, eða afkomendum þeirra, og þess vegna setja afraksturinn í fótboltafélög eða dagblöð uppi á landi. Hvar er vörmin?

Auðvitað ætti hún að vera í okkar eigin löggjöf en hún er þar ekki. Það er athyglisvert að þó sjávarútvegstefnu ESB sé enn í mörgu ábótavant leggur hún þó meiri áherslu á hagsmuni og stöðu sjávarbyggða en hérlendis, m.a. þegar veiðheimildir hverfa úr byggðarlagi. Burtséð frá aðildarferlinu tel ég að við gætum lært eitthvað af því og ef við teljum æskilegt, tekið upp sérstaka skírskotun til mikilvægis sjávarbyggða í samningsafstöðu okkar um sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnarsvæði.

Mér datt þetta svona í hug þegar ég hlustaði á Elliða bæjarstjóra í útvarpi um daginn lýsa áhyggjum sínum. Hann hefur tekið virkan þátt í umræðum um ESB, kannski frá órlítið öðru sjónarhorni en ég, og ætti kannski að ræða þetta við vini sína Stefán Hauk og Martin.“

Gæti skrensað í sjó

Hefði ekki verið nær að sjá fyrst hvað er í boði í sjávarútvegskaflanum, orkukaflanum og landbúnaðarkaflanum. Hefði það verið óaðgengilegt að okkar mati, hefði það ekki sparað okkur bæði tíma og peninga að geta sagt strax, hingað og ekki lengra?

„Það sem kann að virðast óaðgengilegt fyrirfram er einmitt það sem við ætlum að semja út af borðinu. Eðli samninga er að freista þess að breyta hlutunum og í okkar tilvik, til hagsbóta fyrir Ísland. Það getur tekið tíma, og skrensi einhvers staðar, þá verður það líklega í sjó. Eftir á að hyggja var ekki verra að meiri tími fór í landbúnaðarmálin því hann hefur nýst okkur afar vel við að sýna fram á sérstöðu Íslands í þeim efnum.“

Evrópusambandið skilur landbúnaðinn á Íslandi nú öðrum og betri skilningi en í upphafi. Um sjávarútvegskafann er það að segja, að Evrópusambandið sjálf er að endurskoða sína fiskveiðistefnu og á meðan er erfitt fyrir þá að semja við öflugra fiskveiðipjóð eins og Ísland. Inn í það hefur makrillinn líka spilað á síðari stigum, en þar er algerlega klárt hvar við stöndum.

Íslenskir hagsmunir í makríl verða ekki bornir fyrir borð vegna aðildarumsóknarinnar. Hitt er svo annað mál, að ég tel að einmitt umsóknin hafi hjálpað okkur stórlega hingað til í makrílstríðinu, ekki síst varðandi mögulegar viðskiptaþvinganir.

Nú er búið að henda út öllum hörðustu tillögnum, sem kjaffforir makrílþingmenn óðu uppi með fram eftir ári. Ötinn við innrás íslensks sjávarútvegs inn í Evrópu kann líka að hafa haft áhrif, eins og ég sagði, varðandi vissa stífni einstakra þjóða.“

Ísland hefur ekki tapað peningum

„Þú talar um kostnað. Kannski hefur það farið fram hjá þér að Ísland hefur ekki tapað peningum á umsókninni nema síður væri. Hún hefur fært okkur úr sjóðum sambandsins inn í landið um sex milljarða til margvíslegra þjóðþrífaverka. Samningarnir sjálfir, að þýðingum fráöldum, hafa kostað miklu minna, eða um 400 milljónir. Líklega er þetta enn eitt dæmið um sníll vestmannaeysku samningamannanna okkar.“

”

Þetta er einmitt málið. Við þurfum að ljúka samningunum til að sjá svart á hvítu hvaða ávinningar fylgja aðild, og hvaða gallar. Þess vegna er fráleitt að hætta við þá í miðju kafi. Nú er það svo að engar erlendar þjóðir munu geta gert kröfu til að fá kvóta við Ísland af því þær uppfylla ekki kröfur sambandsins sjálfs um sögulega fiskveiðireynslu við Ísland. Það mun koma fram við samningaborðið.

ári í lægri viðskiptakostnaði og þörf fyrir minni gjaldeyrisforða.

Þá má heldur ekki gleyma að í dag erum við þjökkuð af gjaldeyrishöftum og búum að auki við þá sérstöku ógn sem felst í snjóhengju gríðarlegs magns aflandskróna sem hangir yfir hagkerfinu og gæti brotist fram í efnahagslegu hamfarahlaupi. Ég sé

lokum alþjóðleg stórfyrirtæki.

Svona fyrirtæki gætu orðið til í öllum sjávarútvegsplassunum sem bjóða upp á besta og ferskasta hráefni í heimi. Aðildin gæti skapað nýjan kafla í sjávarútvegssókn Íslendinga og með tíð og tíma skapað ný stórveldi í atvinnulífinu í Eyjum,“ sagði Össur og heldur áfram.

sannarlega í fremstu röð. Ísfélagið hefur til dæmis verið í skipulagðri útrás hér innanlands, einsog merki- leg uppbygging þess á Þórshöfn síðustu árin er dæmi um. Hvers vegna ekki erlendis líka? Aðild að Evrópusambandinu skapar möguleika á því.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að



Högni Kristjánsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins, Martin, Össur, Stefán Haukur og Kristján Guy Burgess, aðstoðarmaður ráðherra.

ekki aðra leið til að losa snjóhengjuna og aflétta gjaldeyrishöftunum en í samstarfi sem tengist aðildarumsókn.“

Sóknarfæri Vestmannaeyja

Össur sér margvísleg sóknarfæri sem sérstaklega tengjast sjávarútvegsbyggðum eins og Vestmanna-

„Aðildin er líkleg til að skapa Íslendingum mýgrút tækifæra á öðrum sviðum, m.a. til styrkingar innviða samfélagsins við aðild. Fyrir Vestmannaeyjar gæti það birst t.a.m. í traustari afhendingu rafmagns og vatns. Ég hef svo fylgst af athygli sem gamall ferðamálaráðherra með því hvernig einstök tækifæri hafa skapað hjá nýjum aðildarríkjum til

best reknu fyrirtækni á Íslandi, eins og til dæmis Ísfélagið, ættu gríðarlega möguleika á því að ná föttestu í evrópskum sjávarútvegi og tel að þau, og íslenskur sjávarútvegur, gætu víða orðið leiðandi í Evrópu.“

Það myndi skapa mikil verðmæti sem um síðir flyttust hingað heim. Sum evrópsku stórfyrirtækin, sem eru sum ekki á eins þéttum grunni,

”

Fjandakornið svo, að það sé til marks um sérstaka aðför að sjávarútvegi að Ísfélagið var rekið með ebitu upp á 41% á síðasta ári, og eigendur þess, alveg eins og eigendur Vinnslustöðvarinnar, gátu greitt sér milljarð í arð.

Staðreyndin er sú, að öll fyrirtæki í sjávarútvegi, sem hafa verið að sinna sjálfum sér og hafa látið sér nægja að fjárfesta í greininni og atvinnustarfsemi henni tengdri, eru að standa sig frábærlega.


eyjum. „Það vill svo til að upphaldsfyrirtæki mitt er í Eyjum. Frá Grími kokki kaupir ég reglulega alls konar súpur, fiskbollur, og m.a.s. grænmetisbollur, og oftar en ekki hefur hann bjargað mér á síðustu stundu þegar ég gleymi að það er

að byggja upp ferðaþjónustu í sínum dreifðu byggðum með liðsinni byggðasjóða Evrópusambandsins.“

Gott dæmi um það er hvernig Jólaveinalandið í Rovaniemi í Finnlandi var byggt upp. Hér í Eyjum sér maður fyrir sér tækifæri í tengslum

óttast greinilega að Íslendingar verði aðsópsmiklir í þeirra löndum. Það er líklega ástæðan fyrir því að einstaka þjóð er svolítið stíf þegar kemur að því að opna sjávarútvegskafann,“ segir Össur.

Hann nefnir fleira, eins og karfa og



Mynd / E.Ól.

Fráleitt að tala um aðför að sjávarútvegi

Ef við snúum okkur að atvinnulífnum almenn þá hefur maður stundum á tilfinningunni að ríkisstjórninni sé ekki vel við atvinnulífið. Þið eruð gagnrýnd fyrir aðför að sjávarútvegi sem gæti lagt hann á hliðina og margir telja um leið aðför að landsbyggðinni. Í orkumálum er hluti stjórnarliðsins með stóriðju og virkjunum, en svo eru margir á móti. Er ekki hægt með fullum rökum að halda því fram að þið hafið ekki staðið nógu vel að uppbyggingu atvinnulífsins?

„Í fullri vinsemd þá gæti ég ekki verið þér meira ósammála. Það er allsendis fráleitt að tala um aðför að sjávarútvegi. Þvert á móti hefur hann ekki upplifað önnur eins rekstrarár og upp á síðkastið. Ég sat í ríkisstjórn sem lét ekki freistast til að taka út af innistæðunni í hafinu, og vantaði þó ekki sönginn um að fiska miklu meira í miðri kreppunni, þegar atvinnuleysið sleikti 10 prósent.

Það voru forsjarlar ákvarðanir tveggja ríkisstjórna sem kröfðust pólitísku kjarks, sem tryggðu þessa uppbyggingu. Samfó sat í báðum. Það er út af hryggslu sterkra stjórnmálamanna, sem létu ekki sírenu-sönginn um auðveldu leiðirnar gleppa sig, sem þorskkvótinn er nú aukinn árlega, og er að tosast í 200 þúsund tonn. Það þarf engan sérstakan spámann og alls ekki falleraðan doktor eins og mig til að sjá að innan örfárra ára verður hann kominn í 250 þúsund tonn.“

Misvísandi skilaboð

„Væntanlega áttu við veiðigjaldið þegar þú talar um aðför að sjávarútvegi. Þá er rétt að rifja upp, að innan úr greininni voru skýr skilaboð um að hún væri við þessar góðu aðstæður til í að taka á sig meiri byrðar gegn því að fá aukið öryggi með samningum um nýtingarrétt til langs tíma. Það stóð til boða. Sjálfur taldi ég eðlilegt að sjávarútvegurinn fengi það í staðinn – og sagði það í umdeildu viðtali við Viðskiptablaðið

fyrir síðustu áramót.

Svo öllu sé til haga haldið þá var það ekki ríkisstjórnin sem stóð gegn því á þinginu í fyrra. Ég veit ekki hvernig því máli reidir af á þessu þingi en hitt veit ég að það berast misvísandi skilaboð úr greininni um vilja hennar varðandi það frumvarp.“

Atvinnugrein í banastuði

„Fjandakornið svo, að það sé til marks um sérstaka aðför að sjávarútvegi að Ísfélagið var rekið með ebitu upp á 41% á síðasta ári, og eigendur þess, alveg eins og eigendur

Samherji er góðu heilli að endurbæta skipin sín og búnað fyrir milljarða. Ísfélagið kom með nýtt skip til Eyja á þessu ári, og hefur á síðustu árum fjárfest milljarða á Þórshöfn á Langanesi. Stærsta einstaka fjárfesting í sjávarútvegi fyrir og síðar átti sér stað um mitt síðasta ár þegar Samherji keypti landvinnslu Brims hf. og endurreisti hið fornfræga Útgerðarfélag Akureyringa. Þetta undirstrikar sem betur fer að sjávarútvegurinn er ekki að geispa golunni. Hann virðist satt að segja í banastuði.“

nýtist eins og upphaflega var ætlað. Það er í gadda slegið bæði í fjárlagafrumvarpinu og fjárukalagafrumvarpi yfirstandandi árs. Þessar stóru samgönguframkvæmdir hafa þegar valdið gjörbyltingu á ferðaþjónustu í Eyjum, og held ég þó að menn séu bara búnir að finna smjörþefinn af því sem verður.“

Ágreiningur um virkjanir

„Jú, það er ágreiningur í samfélaginu, líka stjórnarliðinu, um einstakar virkjanir og stórfamkvæmdir enda rennur sem betur fer ennþá blóð í

gangur að strókurinn stendur aftur úr henni, og þegar ég fór um Norðurland í sumar að sýna dætrum mínum undir Íslands talaði annar hver starfsmaður útlensku, af því það vantar fólk. Menn geta auðvitað grenjað í sig alla bölsýni heimsins en staðan er einfaldlega þannig, að það er meiri hagvöxtur á Íslandi en næstum öllum löndum Evrópu. Við skulum líka hafa í huga að Ísland er svo lítið hagkerfi að það snarsnýst einsog á krónupeningi. Þegar stórfamkvæmdirnar fara að detta inn spái ég því að helsta vandamál Seðlabankans verði að þrýsta lokinu á tunnuna og koma í veg fyrir að of mikill þrýstingur brjótist út.

Svona er nú staðan á landinu sem heimurinn hafði afskrifað þegar þessi ríkisstjórn tók að sér að moka flór frjálshyggjunnar. Menn þurfa að vera mjög pólitískt rangeygir til að sjá ekki hver verða eftirmæli þessarar ríkisstjórnar í sögunni: Hún kom Íslandi út úr kreppunni.“

Munum koma á óvart - Líka úti á landi

Að lokum þetta. Hvernig metur þú stöðu Samfylkingarinnar úti á landi?

„Þegar ég var formaður flokksins stóðum við í 14 prósentum í könnunum ári fyrir kosningar 2003. Við fengum hins vegar 32% upp úr kössunum. Við unnum kosningasigur í síðustu kosningum, og menn endurtaka það ekki svo glatt. En miðað við það hversu gríðarlega erfiðar ákvarðanir þessi ríkisstjórn hefur þurft að taka þá er ég nokkuð ánægður með stöðuna í dag. Hún er á sífandi upp-leið, og fram að kosningum mun það koma enn frekar í ljós hvað þessi stjórn hefur þrátt fyrir allt áorkað. Ég held að líkt og 2003 muni Samfylkingin koma mörgum á óvart – líka úti á landi. Sjálfan langaði mig alltaf til að enda ferilinn úti á landi – en það er nægur tími til að huga að því. Ég er eins og kötturinn, á níu líf, og mörg kjörtímabil eftir,“ sagði Óssur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, að lokum.

”

Menn geta auðvitað grenjað í sig alla bölsýni heimsins en staðan er einfaldlega þannig, að það er meiri hagvöxtur á Íslandi en næstum öllum löndum Evrópu. Við skulum líka hafa í huga að Ísland er svo lítið hagkerfi að það snarsnýst eins og á krónupeningi. Þegar stórfamkvæmdirnar fara að detta inn spái ég því að helsta vandamál Seðlabankans verði að þrýsta lokinu á tunnuna og koma í veg fyrir að of mikill þrýstingur brjótist út.

Vinnslustöðvarinnar, gátu greitt sér milljarð í arð.

Staðreyndin er sú, að öll fyrirtæki í sjávarútvegi sem hafa verið að sinna sjálfum sér og hafa látið sér nægja að fjárfesta í greininni og atvinnustarfsemi henni tengdri, eru að standa sig frábærlega. Fyrir utan Ísfélagið má nefna Granda, Stálskip, Samherja, Síldarvinnsluna og Skagfirðingana, svo þau stærstu á landsvísu séu tekin. Sum þessara fyrirtækja eru skuldlaus og vita ekkert hvað þau eiga við peninginn að gera. Skagfirðingar standa feykilega vel og voru að eignast olúfúfélag með Samherja, Síldarvinnslan keypti öflugt skip í upphafi árs til uppsjárarveida, heilan skipaflota úr Eyjum á dögnum, og greiðir eigendum sínum jafnframt milljarð í arð.

Grettistak í samgöngum

„Á landsbyggðinni er atvinnuleysið á hraðri niðurleið, og þar vantar víða fólk í vinnu. Þar er svo ríkisstjórnin að beita sér fyrir Grettistaki í samgöngum sem verður ekki bara henni, heldur landinu öllu til mikilla bóta. Fyrstu framkvæmdir við Vaðlaheiðargöngin eru hafnar. Það verður byrjað að sprengja fyrir Norðfjarðargöngum á fyrri parti næsta árs, Dýrafjarðargöngur eru komin á dagskrá, og meira að segja hefur skoðun á göngum undir Fjarðarheiði verið flýtt. Þið Eyjamenn vitið svo manna best að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja milljarð í hlutafélag um nýjan Herjólf, Landeyjahöfn er komin í gagnið og á henni verða gerðar allar þær endurbætur sem þarf til að hún

mönnum. Það breytir engu um það að í dag eru bullandi framkvæmdir með hundruðum manna við Búðarhálsvirkjun, álverið í Straumsvík er búið að fjárfesta gríðarlega til að taka við þeirri orku, samningar um orkuverð til Helguvíkur virðast loksins í höfn, og á Norðausturlandi er fyrir dyrum feykileg uppbygging við orkuöflun úr Bjarnarflagi, Þeistareykjum, og Kröflu.

Menn eru að semja um orkuverð við erlent fyrirtæki sem bíður þess eins að hefja framkvæmdir í Þingeyjarsýslum. Þess utan eru víðræður í gangi af hálfu Landsvirkjunar um nokkra vænlega framleiðslukosti, sem hafa þó ekki allir dottið inn í fjölmiðla. Var einhver að tala um að það muni skorta framkvæmdir á næstu árum? Í ferðaþjónustu er slíkur